

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um stuðning ríkisins við jarðhitaleit og jarðhitaframkvæmdir.

Flm.: Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson,
Ásgeir Bjarnason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf fyrir næsta Alþingi um fjárhagslegan stuðning við sveitarfélög til jarðhitaleitar og jarðhitaframkvæmda.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en var þá ekki útrædd. Er hún því endurflutt nú.

Það mun viðurkennt, að jarðhitinn sé einhver dýrmætasti fjársjóður landsins og til margvíslegra nota. Nú er það orðið nokkuð algengt, að ýmis sveitarfélög nýti hann m. a. til fjarhitunar húsa. Eru að því mikil þægindi fyrir þá, sem þess njóta, og það sparar stórar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri fyrir þjóðarþúið.

Þegar hafa nokkur sveitarfélög ráðizt í miklar hitaveituf framkvæmdir, og má þar til nefna Reykjavík, Selfoss, Sauðárkrók og Ólafsfjörð. Hin sveitarfélögin eru þó fleiri, sem ekkert hafa getað aðhafzt í þessum efnun af völdum fjárskorts, og er þó vitað, að jarðhitasvæði eru í næsta nágrenni þeirra. Eru ótvíræðir þjóðfélags- hagsmunir við það bundnir, að sveitarfélögum þessum sé gert kleift að nýta heita vatnið til fjarhitunar húsa. En til þess að svo megi verða, er nauðsynlegt, að þau eigi kost á fjárhagslegri aðstoð frá ríkisvaldinu, t. d. í formi hagkvæmra lána til langs tíma.